



AÐALFUNDUR FÍSOS 9. október 2023, kl. 16:00-17:30

Staðsetning: Kornhúsið, Árbæjarsafni.

Aðalfundarstörf eru:

- A. Kosning fundarstjóra og fundaritarara:
Steinunn María Sveinsdóttir fundarstjóri og Ingibjörg Áskelsdóttir fundaritari.
- B. Skýrsla formanns um störf félagsins:
Samþykkt, sjá viðhengi 1.
- C. Ársreikningar félagsins:
Elsa Guðný Björgvinsdóttir fer yfir í fjarveru Jón Allanssonar gjaldkera. Samþykkt, sjá viðhengi 2.

D. Umræður um árskýrslu og ársreikninga og afgreiðsla reikninga.

E. Lagabreytingar:

- **Breyting á 1. grein**
Félagið heitir Félag íslenskra safna og safnmanna (Icelandic Museums Association).
verði: **Félagið heitir Félag íslenskra safna og safnafólks.**
- **Breyting á 3. grein**
Hlutverk og markmið félagsins er að efla faglegt safnastarf með því að:
 - standa að endurmenntun félagsmanna, m.a. með Farskóla safnmanna, útgáfustarfsemi, fundahaldi, fyrirlestrum, námskeiðum og ferðalögum eftir því sem fjárhagur félagsins gefur tilefni til.
 - taka þátt í opinberri umræðu um málefni safnastarfs.
 - standa vörð um hagsmunamál safna og safnmanna, að undanskildum launa- eða kjararéttindum.
 - eiga samskipti við hliðstæð samtök erlendis.
 - auka þekkingu og fræðslu um söfn og starfsemi safna.
 - halda úti heimasíðu félagsins og póstlista félagsmanna.
verði: **halda úti heimasíðu félagsins.**

Samþykkt

F. Kosning í stjórn og aðrar trúnaðarstöður. Kosning skal vera leynileg.

- Kosning varaformanns – Elsa Guðný Björgvinsdóttir - samþykkt
- Gjaldkeri – Hanna Rósa Sveinsdóttir - samþykkt
- Ritari – Þorvaldur Gröndal - samþykkt
- Varamaður – Sigurlaugur Ingólfsson - samþykkt
- Lýður Pálson býður sig áfram í stöðu annars skoðunarmanns - samþykkt
- Kosning farskólalastjóra til eins árs – Haraldur Þór Egilsson - Samþykkt

G. Ákvörðun ársgjalds félagsmanna og stofnana.



Óbreytt gjöld, samþykkt.

H. Önnur mál.


Steinunn Sveinsdóttir: Breyta heimasíðu félagsins úr safnmenn.is í fisos.is – samþykkt.

Ekki önnur mál.



ÁRSSKÝRSLA 2022 - 2023

Félag íslenskra safna og safnamanna



FÍSOS



Ársskýrsla FÍSOS 2022 – 2023

Anita Elefsen

Stjórn – verkskipting, fundir og almenn umsýsla

Síðasti aðalfundur FÍSOS var haldinn þann 21. september 2022 á Hótel Hallormsstað. Á fundinum var kosið í embætti formanns, meðstjórnanda og varamanns til tveggja ára. Sitjandi stjórnarmenn í umræddum embættum gáfu kost á sér áfram; Anita Elefsen, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. Engin mótframboð bárust.

Stjórn FÍSOS er því óbreytt frá fyrra ári og hana skipa þau Anita Elefsen formaður, Elsa Guðný Björgvinsdóttir varaformaður, Jón Allansson gjaldkeri, Ingibjörg Áskelsdóttir ritari og Þóra Sigurbjörnsdóttir meðstjórnandi. Í stöðu varamanna eru Sigríður Þorgeirsdóttir og Hjörtur Þorbjörnsson. Ákveðið var að halda í þá hefð að bæði aðal- og varamenn sæki fundi stjórnar.

Stjórnin fundaði níu sinnum á starfsárinu og fóru allir fundir fram í fjarfundarbúnaði þar sem stjórnarmenn eru búsettir allvíða um landið; á Höfuðborgarsvæðinu, Akranesi, Siglufirði og Egilsstöðum. Stjórnarmenn hafa þar að auki sinnt og tekið þátt í ýmsum verkefnum á árinu, til að mynda útgáfu Kvists, undirbúningi íslenska safnadagsins, undirbúningi og skipulagningu farskóla í samvinnu við farskólanefnd og undirbúningi og framkvæmd málþings í samstarfi við ICOM og safnaráð sem fram fór í aðdraganda alþjóðlega safnadagsins og fjallaði um þema dagsins; söfn sjálfbærni og vellíðan.

Stjórn FÍSOS réði verkefnisstjóra á vordögum 2022 eins og kunnugt er. Dagrún Ósk Jónsdóttir var ráðin í hlutastarf til eins árs, til að sinna fjölbreyttum verkefnum í þágu félagsins og safnastarfs almennt. Stjórn félagsins til mikillar gleði var ráðningarsamningurinn við Dagrúnu endurnýjaður í sumarbyrjun 2023 og fær félagið því að njóta krafta hennar áfram.

Seta í ráðum og nefndum

Safnaráð

Stjórn FÍSOS ákvað á fundi þann 14. desember 2020 að tilnefna Hlyn Hallsson og Gunnþóru Halldórsdóttur sem fulltrúa FÍSOS í safnaráði frá 1. febrúar 2021 til 31. janúar 2025. Hlynur, sem skipaður er aðalmaður í ráðinu sótti fundi ráðsins á starfsárinu líkt og skipunarbréf gerir ráð fyrir.

Húsafriðunarnefnd

Þann 15. febrúar 2021 tilnefndu Íslandsdeild Alþjóðaráðs um minnisvarða og sögustaði (ICOMOS),

Íslandsdeild Alþjóðráðs safna (ICOM) og FÍSOS þau Helgu Maureen Gylfadóttur og Örlyg Kristfinnsson í húsafriðunarnefnd. Bæði Helga Maureen og Örlygur sótt fundi á vegum nefndarinnar á árinu.

Rannsóknasetur í safnafræði

Stjórn FÍSOS skipaði á fundi sínum 20. október 2016 Ingibjörgu Áskelsdóttur sem aðalfulltrúa og Lindu Ásdísardóttur sem varafulltrúa í stjórn Rannsóknaseturs í safnafræðum. Enginn fundur hefur verið haldinn á árinu.

Farskólinn – Árlegt landsþing FÍSOS



Farskóli FÍSOS hefur verið haldinn árlega síðan 1989. Farskólinn er mikilvægur vettvangur endurmenntunar og samstarfs meðal íslenskra safna og starfsmanna þeirra. Á hverju hausti hittast safnmenn, bera saman bækur sínar, miðla þekkingu sinni og reynslu hvor með öðrum, heimsækja söfn, sýningar og setur víða um land og styrkja tengslanetið. Farskólinn hefur vaxið og dafnað á rúmum þremur áratugum en grunnstefið er og hefur frá upphafi verið endurmenntun félagsmanna. Ekki má gleyma að maður er manns gaman og þessi árlegu fundir hafa eft kynnin og skapað góðan félagsanda – og eru mörgum mikið tilhlökkunarefni.

Farskóli 2022 fór fram dagana 21. – 23. september í Hallormsstað og var yfirskrift skólans *Söfn á tímamótum*. Farskólastjóri var Elsa Guðný Björgvinsdóttir, safnstjóri Byggðasafns Austurlands, og með henni í farskólastjórn voru þau Pétur Sörensson – Safnastofnun Fjarðarbyggðar, Jónína Brynjólfsdóttir og Elfa Hlín Pétursdóttir, Tæknimínjasafni Austurlands. Sem fyrr samanstóð dagskráin af erindum og fyrirlesturum, vinnustofum og heimsóknum á söfn, setur og vinnustofur. Að mati formanns var það sérlega vel til fundið að hafa aðal bækistöð farskólans í Hallormsstað, þar sem náttúran, kyrrðin og samveran var eins og best var á kosið. Heimsóknir á Seyðisfjörð, Egilsstaði, Skriðuklaustur og að Óbyggðasetrinu í Fljótsdal tryggðu að farskólanemar fengu að njóta Austurlands til hins ítrasta, auk þess voru gönguferð um Hallormsstaðaskóg og heimsókn í Hallormsstaðaskóla

eftirminnilegar. Stjórn FÍSOS þakkar farskólastjórn kærlega fyrir þeirra vinnu við undirbúning og framkvæmd skólans.

Farskóli þessa árs, 2023 fer fram í Amsterdam – og halda tæplega 120 safnmenn af stað frá Leifstöð að morgni dags 10. október og munu njóta þess að heimsækja söfn í Hollandi næstu þrjá dagana. Mikil vinna var lögð í að tryggja fjölbreytt úrval safnheimsókna svo við komum vafalaust reynslunni ríkari heim – með góðar hugmyndir í farteskinu. Í farskólastjórn eru Cecilie Gaihede og AlmaDís Kristinsdóttir en þeim til halds og trausts hafa verið fulltrúar úr stjórn FÍSOS.

Þegar hafa staðsetningar næstu tveggja skóla verið ákveðnar. Næstkomandi haust verður farskólinn norður á Akureyri og árið 2025 á Selfossi. Stjórn FÍSOS vill viðhalda þeirri nýju hefð að staðsetning farskóla næstu þriggja til fjögurra ára liggi fyrir að hverju sinni, og er kallað eftir framboðum fyrir farskóla 2026!

Félagatal

Samkvæmt félagatali í september 2023 eru skráðir 370 félagar í FÍSOS – og hefur þeim fjölgað um 15 frá síðasta aðalfundi; 338 einstaklingar og 32 stofnanir.

Stjórn félagsins tók þá ákvörðun að hætta að gefa út félagsskírteini úr plasti eins og gert hefur verið um langt skeið og innleiða rafræn félagsskírteini. Í marsmánuði fengu félagar FÍSOS send með tölvupósti ný, rafræn og umhverfisvæn félagsskírteini sem hlaðið er niður í snjallsíma á einfaldan hátt og eru þau í kjölfarið aðgengileg í símaveski hvers og eins. Þau sem ekki geta nýtt sér rafræn skírteini geta prentað skírteinið sitt og framvísað í stað hefðbundins skírteinis.


Póstlisti safnmanna

FÍSOS hefur um árabíl haldið úti póstlista safnmanna, sem aðeins er opinn félagsmönnum í FÍSOS. Á listann voru skráð um 250 netföng og var hann vel nýttur, bæði til að leita ráða hvort hjá öðru sem og auglýsa viðburði, námskeið og sýningaropnanir. Eins og fram kom á aðalfundi fyrir ári síðan hafði hýsingaraðili póstlistans gefið út að hann myndi ekki hýsa hann áfram, slík þjónusta væri úreld. Stjórn FÍSOS leitaði sambærilegs arftaka, án árangurs. Nú um mitt ár gerðist það svo að hýsingaraðilinn, 1984.is, lagði niður þjónustuna og var póstlisinn þar með úrskurðaður látinn. Úr því sem komið er leggur stjórn félagsins til að vefsíða félagsins verði notuð til allra nauðsynlegra tilkynninga, sem og samfélagsmiðlar – en póstlisti í þeirri mynd sem við erum vön, heyrri sögunni til.

Safnblaðið Kvistur

Á aðalfundi félagsins 2016 var samþykkt að félagið tæki að sér útgáfu safnblaðsins Kvists. Þáverandi stjórn FÍSOS taldi að áframhaldandi útgáfa blaðsins væri íslensku safnastarfi til framdráttar og gæti þar að auki nýst til að auka sýnileika félagsins og efla starf þess. Núverandi stjórn tekur undir það álit. Allur rekstur og útgáfa blaðsins er nú í umsjón FÍSOS og hefur verkefnið meðal annars aðskildan reikning í bókhaldi félagsins.

Styrkur fékkst úr safnasjóði árið 2023 fyrir útgáfu 10. tbl. Kvists að upphæð 1 mkr. og með framlagi félagsgjalda sem og auglýsingatekna var útgáfa 10. tbl. tryggð. Blaðinu er dreift til þeirra félagsmanna sem greitt hafa félagsgjöld og þá er það einnig til sölu í Bóksölu stúdenta í Háskóla Íslands. Þá er aðgangur að eldri tölublöðum á heimasíðusiðu félagsins og á timarit.is – þó ári eftir útgáfu.



Fulltrúi stjórnar FÍSOS í ritstjórn er Þóra Sigurbjörnsdóttir en aðrir í ritstjórn eru: Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir ritstjóri, Sigurjón Baldur Hafsteinnsson, Birna María Ásgeirsdóttir og Þorgerður Þorleifsdóttir.

Í nýju tölublaði er að finna fjölbreytt lesefni, meðal annars um farskólann fyrr og nú, varðveislu óápreifanlegs menningararfs, safnastarf og sjálfbærni og um yngsta höfuðsafn landsins – Náttúruminjasafn Íslands. Fjallað er um safngjafir og hver stjórn í því sambandi, um Sarp og leiðina að nýju kerfi og könnun um stöðu safna í landinu sem framkvæmd var af FÍSOS.

Stjórn FÍSOS færir ritstjórn Kvists bestu þakkir fyrir þeirra ómetanlega framlag við að koma blaðinu út og í hendur félagsmanna.

Samfélagsmiðlar

FÍSOS heldur út fésbókarsíðu en fylgjendur hennar í dag eru um 1.100 og fjölgar um liðlega 130 frá fyrra ári. Einnig heldur félagið utan um hóp á fésbókinni sem heitir Safnmenn – FÍSOS félag íslenskra safna og safnmanna þar sem félagsmenn eru hvattir til að deila viðburðum og öðru er viðkemur starfi safna. Í þeim hópi eru í dag 951 (fjölgun um 118 á milli ára) og er hópurinn opinn fyrir öllu áhugafólki um söfn og störf þeirra.

Um mitt ár 2022 var stofnsettur Instagramreikningur í nafni FÍSOS – *Safnagrammið* en þar er ýmsum fróðleik miðlað í nafni félagsins auk þess sem söfn um land allt geta gefið innsýn í daglegt starf með svokallaðri yfirtöku.

Söfnum söfnum – www.sofn.is

Liður í því að reyna að auka sýnileika safna og hvetja almenning til þess að heimsækja söfn, sem oftast, víðast og sem flest söfn – var settur í loftið vefurinn www.sofn.is. Þar er listi yfir söfn, setur og sýningar á Íslandi, sem hægt er að heimsækja og skoða. Hægt er að skrá sig inn á vefinn og merkja við þá staði sem fólk hefur heimsótt og þá um leið sést hverja á eftir að skoða. Á Íslandi er ótrúlega fjölbreytt flóra safna, setra og sýninga um allt land.

Á vefnum má finna yfirlit yfir söfn, setur og sýningar Íslands og innskráðir geta athugað hversu mörg þeir hafa heimsótt og hver þeir eiga eftir! Fólk er hvatt til að setja sér markmið og safna eins mörgum söfnum og það mögulega getur.

Safnasjóður

Félagið sótti um í safnasjóð í desember 2022 og fékk úthlutað styrkjum til tveggja verkefna sem hefur verið komið í framkvæmd á árinu. Heildarúthlutun úr aðalúthlutun safnasjóðs 2021 nam 3,0 mkr.

- Farskóli FÍSOS 2023 – 2.000.000
- Safnblaðið Kvistur, 10. tbl. – 1.000.000

Innlent samstarf

FÍSOS, ICOM og safnaráð

Í góðri samvinnu skipulögðu FÍSOS, ICOM og safnaráð málþing í aðdraganda alþjóðlega safnadagsins. Í skipulagshópi voru Anita Elefsen, Hólmar Hólm, Þóra Ólafsdóttir og Klara Þórhallsdóttir. Málþingið fór fram í Fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands þann 16. maí 2023 undir yfirskrift safnadagsins; *Söfn, sjálfbærni og vellíðan*. Á dagskrá voru fjölbreytt erindi sem áttu það sameiginlegt að varpa ljósi á fjölbreytt starf safna og verkefni þeirra til að stuðla að aukinni sjálfbærni og vellíðan í samfélaginu.

FÍSOS og ICOM / Safnadagurinn 18. maí 2023 – *Söfn, sjálfbærni og vellíðan*



Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn ár hvert þann 18. maí af International Council of Museums (ICOM). Þátttakendur eru um 40.000 söfn í 140 löndum. Söfn um allan heim skipuleggja dagskrá þann dag, helgina eða jafnvel vikuna alla sem 18. maí ber upp á og hefur það verið gert síðan 1977. Dagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur hérlendis í sjö ár.

Íslandsdeild ICOM og FÍSOS hvöttu söfn á Íslandi til að taka þátt í alþjóðlega safnadeginum út frá þemanu *Söfn, sjálfbærni og vellíðan*. Verfnisstjóri FÍSOS, Dagrún Ósk Jónsdóttir, sá um undirbúning og framkvæmd safnadagsins fyrir hönd félaganna tveggja. Hún sá um bæði undirbúning og framkvæmd safnadagsins, og hvatti söfn og starfsfólk þeirra til að taka virkan þátt í deginum. Sérstök áhersla var lögð á notkun samfélagsmiðla, en þar að auki var auglýst í útvarpi, greinar skrifaðar í dagblöð og framleidd stutt myndbönd auk þess sem Dagrún fór í viðtöl í útvarpi – allt í því augnamiði að vekja athygli á safnadeginum og safnastarfi í landinu almennt.

Kynningartexti fyrir Safnadaginn 2023 frá Íslandsdeild ICOM:

Söfn hafa veigamiklu hlutverki að gegna í málefnum sem varða sjálfbæra þróun og vellíðan fólks í þeim samfélögum sem þau þjóna. Starfsemi safna byggir á trausti almennings auk þess sem þau tengja saman ólíka hópa og eru því í einstakri stöðu til þess að koma jákvæðum breytingum til leiðar. Söfn geta lagt lóð sín á vogarskálarnar og stutt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með ýmsum hætti: allt frá því að taka þátt í loftslagsaðgerðum og hlúa að fjölbreytileika til þess að beita sér gegn félagslegri einangrun og bæta andlega heilsu.

Í samþykkt ICOM frá árinu 2019 varðandi sjálfbærni og samkomulag Sameinuðu þjóðanna, *Að breyta heiminum: Áætlun um sjálfbæra þróun 2030* (e. *Transforming Our World: the 2030 Agenda for Sustainable Development*), segir: öllum söfnum ber skylda til þess að leiða og leggja grunn að sjálfbærri hugsun til framtíðar, jafnt með fræðslu, sýningahaldi, samfélagsverkefnum og rannsóknastarfi.

Á hverju ári síðan 2020 hefur Alþjóðlegi safnadagurinn varpað ljósi á valin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en í ár er lögð áhersla á eftirfarandi markmið:

- 3. Heilsa og vellíðan: Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir fólk á öllum aldri, með tilliti til andlegrar heilsu og hættunnar sem felst í félagslegri einangrun.
- 13. Aðgerðir í loftslagsmálum: Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra, draga markvisst úr kolefnislosun á norðurhveli jarðar og minnka mengun á suðurhvelinu.
- 15. Líf á landi: Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi, sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og gefa röddum frumbyggjapjóða meira vægi í umræðunni.

Þann 18. maí næstkomandi hvetjum við því öll til að taka þátt í Alþjóðlega safnadeginum og leggjast á eitt með söfnunum um að stuðla að sjálfbærri þróun og auka vellíðan!

FÍSOS, Samtök um söguferðapjónustu og Íslandsstofa

Í samvinnu félaganna þriggja; Samtaka um söguferðapjónustu (SSF), Íslandsstofu og Félagi íslenskra safna og safnamanna (FÍSOS), var staðið fyrir málþingi í Grósku, föstudaginn 20. janúar 2023. Inntak málþingsins var *Nýsköpun og tækifæri í söguferðapjónustu á Íslandi* og flutti Dagrún Ósk Jónsdóttir verkefnisstjóri FÍSOS erindi um framtíðina, upplifanir og ævintýri.

Söfn & stjórn málaflakkar í aðdraganda kosninga

Stjórn FÍSOS hefur í samvinnu við öflugra félagsmenn staðið fyrir fundum með fulltrúum stjórn málaflakka í aðdraganda bæði sveitarstjórnar- og alþingiskosninga og hefur það gefist afar vel og minnt stjórn málamenn rækilega á hlutverk safna og stöðu þeirra í samfélaginu. Stjórn FÍSOS mun leggja áherslu á að manna nýjan starfshóp fyrir næstu kosningar.

Hagsmunabaráttu

Stjórn FÍSOS hefur hagsmuni safna og safnastarf að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Í því sambandi hefur stjórn beitt sér fyrir nokkrum málum á líðandi starfsári, með skriflegum ályktunum og erindum. Sem dæmi má nefna:

- *Erindi til Eyjafjarðarsveitar vegna Smámunasafns Sverris Hermannssonar – janúar 2023.*
Stjórn FÍSOS gagnrýndi í erindi sínu það stefnuleysi sem virtist ríkja hjá sveitarstjórn varðandi safnið og framtíð þess. Húsnæði safnsins hafði verið auglýst til sölu og algjör óvissa ríkti um framtíð safnsins og þeirrar starfsemi sem þar hafði verið. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar var innt eftir svörum við spurningum um stefnu sína varðandi framtíð safnsins sem og safnkostsins.
- *Könnun um stöðu safna á Íslandi – febrúar 2023*
FÍSOS stóð fyrir gerð könnunar um stöðu safna á Íslandi, í ljósi mikillar umræðu um stöðu menningar- og safnamála víða um land. Könnuninni var ætlað að gefa heildstæða mynd af því hvort breytingar séu að verða á stöðu íslenskrar safna og stuðningi stjórnvalda og eigenda við þau.
- *Skipta söfn máli? Grein á Vísi – mars 2023.*
Dagrún Ósk Jónsdóttir verkefnisstjóri FÍSOS birti grein um mikilvægi safna fyrir samfélagið allt – og krefjandi stöðu þeirra. Í greininni kom meðal annars fram að skv. könnun FÍSOS hafa

mörg söfn hérlendis ekki nægilegt fjármagn til að vaxa og dafna eða sinna skyldum sínum, hvað þá allri þeirri uppbyggingu og starfsemi sem starfsfólki þeirra dreymir um að sinna. Greinin er aðgengileg hér: <https://www.visir.is/g/20232395467d/skipta-sofn-mali->

- *Ályktun um málefni menningarhúsa í Kópavogi – maí 2023.*

Stjórn FÍSOS lýsti þungum áhyggjum af stöðu menningarstofnana Kópavogs í kjölfar tillagna um breytingar á starfsemi þeirra sem samþykktar voru á fundi bæjarstjórnar 26. apríl 2023. Hvatt var til endurskoðunar á ákvörðuninni og að tefla ekki í tvísýnu þeim ótvíræðu lífsgæðum sem öflugar menningarstofnanir fela í sér fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Samstarf RÚV og FÍSOS

Sumarmál

Frá árinu 2018 hefur FÍSOS átt í samstarfi við þáttinn Sumarmál á Rás 1 þar sem fjallað hefur verið um íslensk söfn og starfsemi þeirra amk einu sinni í viku yfir sumartímann. Nú í sumar var fjallað um *safn vikunnar* alla fimmtudaga á tímabilinu 3. júlí – 11. ágúst. Þáttarstjórnendur tóku viðtöl við fulltrúa safna um land allt og ræddu fjölbreytt verkefni, sýningar, gestamóttöku og þar fram eftir götunum. Eftirtalin söfn þátt í verkefninu sumarið 2023: Minjasafnið á Akureyri, Smámunasafnið og Davíðshús, Sauðfjársetur á Ströndum, Listasafn Árnesinga, Byggðasafn Árnesinga og Listasafn Íslands, Listasafnið á Akureyri, Safnasafnið og Þjóðminjasafn Íslands.

Líkt og áður voru þáttarstjórnendur afar ánægðir með framlag félagsmanna til verkefnisins og er von á áframhaldandi samstarfi næsta sumar.

Samlesnar auglýsingar

Undanfarin ár hefur FÍSOS í samvinnu við auglýsingardeild RÚV staðið fyrir sameiginlegu kynningarátaki safna með samlesnum auglýsingum á rásum ríkisútvarpsins; Rás1 og Rás2. Því samstarfi var haldið áfram með sama hætti og árið áður. Söfn hvers landshluta voru kynnt saman í því augnamiði að fjölga safnheimsóknum innlendra gesta á ferð um landið.

Erlent samstarf

NEMO - Network of European Museum Organisation

Þátttaka FÍSOS í starfi NEMO hefur í lágmarki eftir heimsfaraldur. Aðalfundur NEMO var haldinn í október 2022 og tók formaður FÍSOS þátt í fundinum í fjarfundarbúnaði.

Í nóvember næstkomandi fer svo fram formannafundur og í kjölfarið ráðstefna um söfn og stöðu þeirra í loftslagsmálum. Ráðstefnan fer fram í Lahti í Finnlandi og stefnir stjórn FÍSOS á að senda fulltrúa á ráðstefnuna.

Að endingu

Í þessari ársskýrslu er tíundað það helsta sem stjórn FÍSOS hefur tekið sér fyrir hendur á líðandi starfsári – en verkefni hafa verið fjölbreytt og skemmtileg. Stjórnin vann að heilindum að öllum þeim verkefnum sem hún tók sér fyrir hendur og tók þátt í – og hafði í allri þeirri vinnu starfsemi safna, sýnileika þeirra og stöðu í samfélaginu að leiðarljósi. Þrátt fyrir að allir fundir hafi verið

fjarfundir hefur stjórninni og verkefnisstjóra tekist að eiga í góðri samvinnu um hin fjölbreyttustu verkefni.

Á líðandi starfsári hafa söfn ekki þurft að takmarka starfsemi sína vegna heimsfaraldurs – heldur hefur rofað til og söfn opnað dyr sínar fyrir gestum og gangandi. Fjölmörg söfn hafa tekið á móti fleiri safngestum en nokkru sinni áður, og er það sannarlega gleðiefni að almenningur sé þyrstur í safnheimsóknir nú þegar gáttir veraldarinnar hafa opnast á ný. Safnafólk um land allt hefur sinnt starfi sínu af miklum heilindum, metnaði og eldmóð. Ég er þeirrar skoðunar að við safnafólk séum einstakt mengi – meðal okkar er gríðarlega fjölbreytt þekking og reynsla. Safnafólk er drífandi, duglegt og frjótt. Hugmyndaauðgi og framkvæmdagleði eru allsráðandi – og allt í þágu almennings, fólksins í landinu og framtíðarinnar.

Ég þakka félagsmönnum öllum sem og stjórnarmönnum gott og gefandi samstarf á árinu, og hlakka til þess næsta. En nú í lok þessa starfsárs eru í sjónmáli töluverðar breytingar á fulltrúum í stjórn félagsins. Rík ástæða er til að færa þeim þremur aðilum sem nú hverfa úr stjórn hjartans þakkir fyrir þeirra ríkulega framlag til starfsemi félagsins. Fyrst ber að nefna Jón Allansson, sem stýrt hefur fjármálum félagsins í heil átján ár – geri aðrir betur! Ingibjörg Áskelsdóttir hefur verið ritari félagsins frá árinu 2011 eða í rúman áratug og að endingu Hjörtur Þorbjörnsson sem hefur verið varamaður í stjórn frá árinu 2017. Fyrir hönd FÍSOS vil ég þakka þeim Jóni, Ingibjörgu og Hirti kærlega fyrir samstarfið og starf þeirra í þágu íslensks safnastarfs.



formaður FÍSOS

Siglufirði, 5. október 2023

Stjórn FÍSOS 2022 – 2023 skipa:

Formaður: Anita Elefsen, Síldarminjasafn Íslands

Varaformaður: Elsa Guðný Björgvinsdóttir, Minjasafn Austurlands

Gjaldkeri: Jón Allansson, Byggðasafnið á Görðum

Ritari: Ingibjörg Áskelsdóttir, Borgarsögusafn Reykjavíkur

Meðstjórnandi: Þóra Sigurbjörnsdóttir, Listasafn Einars Jónssonar

Varamenn: Sigríður Þorgeirsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands og Hjörtur Þorbjörnsson, Grasagarður Reykjavíkur

FÍ SOS

2022-23

Kt: 441089-2529

Ársreikningur

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun stjórnar.....	2
Áritun uppgjörsaðila	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur.....	5-6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Áritun stjórnar

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður og er hann í samræmi við lög um ársreikninga og lög um tekjuskatt og gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Samkvæmt rekstrarreikningi er tap í rekstri fyrir fjármagnsliði að fjárhæð 1.399.710 kr. Heildartap eftir fjármagnsliði er 1.558.539 kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé félagsins jákvætt um 9.790.912 kr.

Stjórn FÍSOS staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir tímabilið 1.sept. 2022 - 31.ágúst 2023 með undirritun sinni.

Akranes, 02.október 2023

Skoðunarmenn

Áritun uppgjörsaðila

Ársreikning þennan fyrir FÍSOS höfum við samið eftir fylgiskjölum og upplýsingum stjórnar, án endurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi fyrir tímabilið 1.sept. 2022 - 31.ágúst 2023 ásamt skýringum nr. 1-3.

Ársreikningurinn er lagður fram á ábyrgð stjórnenda félagsins.

Akranesi, 02.október 2023

Ritari ehf.

Ársreikningurinn er á 8 blaðsíðum.
Fjárhæðir eru í ísl.krónum

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS

	Skýr	Sept2022- Sept2023	Sept2021- Sept2022
REKSTRARTEKJUR:			
Rekstrartekjur	1	12.370.471	8.605.120
		12.370.471	8.605.120
REKSTRARGJÖLD:			
Rekstrarkostnaður	2	13.770.181	8.539.105
		13.770.181	8.539.105
Rekstrarhagnaður (-Tap):		-1.399.710	66.015
REKSTRARHAGNAÐUR (-TAP) ALLS:			
Fyrir afskriftir og fjármagnsliði	-	-1.399.710	66.015
FJÁRMAGNSLIÐIR:			
Vaxtatekjur	-	78.650	5.188
Endurgreiðsla skatts	-		3.000
Endurgreiðsla skatts	-		-3.500
Bankakostnaður	-	-220.176	-14.590
Fjármagnstekjuskattur	-	-17.303	-1.141
		-158.829	-11.043
HAGNAÐUR (-TAP) TIL RÁÐSTÖFUNAR		-1.558.539	54.972

EFNAHAGSREIKNINGUR**EIGNIR**

	Skýr	Sept2022- Sept2023	Sept2021- Sept2022
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur	-	0	0
Handbært fé	3	9.790.912	11.349.451
<i>Veltufjármunir samtals:</i>		9.790.912	11.349.451
EIGNIR SAMTALS:		9.790.912	11.349.451

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	Skýr	Sept2022- Sept2023	Sept2021- Sept2022
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé			
Yfirfært frá seinasta ári	-	11.349.451	11.294.479
Hagnaður (tap) ársins	-	-1.558.539	54.972
<i>Óráðstafað eigið fé 31.08.2023</i>		9.790.912	11.349.451
 SKULDIR:			
Viðskiptaskuldir	-	0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals:</i>		0	0
<i>Skuldir samtals:</i>		0	0
 SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS:		9.790.912	11.349.451

SJÓÐSTREYMI

HANDBÆRT FÉ TIL REKSTRAR:	Skýr	Sept2022- Sept2023	Sept2021- Sept2022
Hagnaður (-tap) ársins	-	-1.558.539	54.972
<i>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:</i>	-		
Afskriftir	-	0	0
Verðbætur og gengismunur langtímalána	-	0	0
<i>Veltufé frá rekstri:</i>		-1.558.539	54.972
 <i>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur - (hækkun)	-	0	0
Skammtímaskuldir - (lækkun)	-	0	0
		0	0
 <i>Handbært fé (til rekstrar):</i>		-1.558.539	54.972
 FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:			
Innborgað hlutafé		0	0
Skuld við eigendur		0	0
Tekin lán		0	0
<i>Fjármögnunarhreyfingar samtals:</i>		0	0
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé		-1.558.539	0
Handbært fé í ársbyrjun		11.349.451	11.349.451
Handbært fé í árslok		9.790.912	11.349.451

SUNDURLIÐANIR**1 Tekjur**

Félagsgjöld FÍSOS 2022	516.000
Félagsgjöld FÍSOS 2023	1.811.390
Auglýsingar v/Kvistur	25.000
Styrkur menntamálaráðuneyti	1.500.000
Styrkur safnasjóðs v/FÍSOS 2022	6.000.000
Farskóli 2022	50.000
Farskóli 2022 v/enurgreitt lán	2.000.000
Samband norræn.safm.yfirfærsla	18.777
ICOM, greitt hlutdeild v/safnad.o.fl.	449.304
	12.370.471

*Rekstrartekjur alls:***2 Gjöld**

Innlagt félagsgjöld v/Kvist	210.000
Innlagt styrk safnasjóð v/Kvist 2023	1.000.000
Innlagt styrk safnasjóð v/farskóli 2023	2.000.000
Verkefnastjórn v/FÍSOS	3.600.000
Greitt til farskóla 2022	50.000
Lán til farskóla 2022	2.000.000
Endurgr. v/safnsjóð 2023, ofgreitt	3.000.000
Útgáfustyrkur v/ bókar í safnafræðum	140.000
Félagsstörf FÍSOS, rekstur	391.644
Endurgreitt auglýsingar v/Kvists	25.000
Kostnaður v/félagsskírteini FÍSOS	34.198
Póstkostnaður/umslög	33.630
Auglýsingar	103.785
Heimasíða, póstlisti, lén	215.559
Safnadagurinn 2023	960.365
Endurgreidd félagsgjöld	6.000

*Rekstrarkostnaður alls:***3 Handbært fé**

Bankareikningur 301-26-74633	136.865
Bankareikningur 301-13-250698	9.654.047
	9.790.912

Handbært fé alls:

FARSKÓLI
FÍSOS

2022

Kt: 441089-2529

Ársreikningur

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun stjórnar.....	2
Áritun uppgjörsaðila	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur.....	5-6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Áritun stjórnar

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður og er hann í samræmi við lög um ársreikninga og lög um tekjuskatt og gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Samkvæmt rekstrarreikningi er tap á rekstri fyrir fjármagnsliði að fjárhæð 14.593 kr. Heildartap eftir fjármagnsliði er 17.786 kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé félagsins jákvætt um 690.468 kr.

Stjórn Farskóla FÍSOS staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Akranes, 02. október 2023

Skoðunarmenn

Áritun uppgjörsaðila

Ársreikning þennan fyrir Farskóla FÍSOS höfum við samið eftir fylgiskjölum og upplýsingum stjórnar, án endurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi fyrir árið 2022 ásamt skýringum nr. 1-3.

Ársreikningurinn er lagður fram á ábyrgð stjórnenda félagsins.

Akranesi, 02. október 2023

Ritari ehf.

Ársreikningurinn er á 8 blaðsíðum.
Fjárhæðir eru í ísl.krónum

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS

	Skýr	2022	2021
REKSTRARTEKJUR:			
Rekstrartekjur	1	6.963.000	5.690.053
		6.963.000	5.690.053
REKSTRARGJÖLD:			
Rekstrarkostnaður	2	6.977.593	6.251.749
		6.977.593	6.251.749
Rekstrarhagnaður (-Tap):		-14.593	-561.696
REKSTRARHAGNAÐUR (-TAP) ALLS:			
Fyrir afskriftir og fjármagnsliði	-	-14.593	-561.696
FJÁRMAGNSLIÐIR:			
Vaxtatekjur	-	2.255	1.048
Bankakostnaður	-	-19.545	0
Fjármagnstekjuskattur	-	-496	-230
		-17.786	818
HAGNAÐUR (-TAP) TIL RÁÐSTÖFUNAR		-32.379	-560.878

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR

	Skýr	2022	2021
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur	-	0	0
Handbært fé	3	690.468	722.847
<i>Veltufjármunir samtals:</i>		<u>690.468</u>	<u>722.847</u>
EIGNIR SAMTALS:		<u><u>690.468</u></u>	<u><u>722.847</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	Skýr	2022	2021
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé			
Yfirfært frá seinasta ári	-	722.847	1.283.725
Hagnaður (tap) ársins	-	-32.379	-560.878
<i>Óráðstafað eigið fé 31.08.2022</i>		690.468	722.847
 SKULDIR:			
Viðskiptaskuldir	-	0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals:</i>		0	0
<i>Skuldir samtals:</i>		0	0
 SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS:		690.468	722.847

SJÓÐSTREYMI

HANDBÆRT FÉ TIL REKSTRAR:

	Skýr	2022	2021
Hagnaður (-tap) ársins	-	-32.379	-560.878
<i>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:</i>	-		
Afskriftir	-	0	0
Verðbætur og gengismunur langtímalána	-	0	0
<i>Veltufé frá rekstri:</i>		<u>-32.379</u>	<u>-560.878</u>
 <i>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur - (hækkun)	-	0	0
Skammtímaskuldir - (lækkun)	-	0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
 <i>Handbært fé (til rekstrar):</i>		<u><u>-32.379</u></u>	<u><u>-560.878</u></u>

FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:

Tekin lán		<u>0</u>	<u>0</u>
<i>Fjármögnunarhreyfingar samtals:</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé		-32.479	-560.878
Handbært fé í ársbyrjun		722.947	1.283.825
Handbært fé í árslok		<u>690.468</u>	<u>722.947</u>

SUNDURLIÐANIR**1 Tekjur**

Styrkur úr safnasjóði	1.800.000
Farskólagjöld	3.163.000
Lán FÍSOS v/farskóla 2022	2.000.000

Rekstrartekjur alls: **6.963.000**

2 Gjöld

Tónlist v/ safnakvöld Egilsstaðir	30.000
Endurgr.lán FÍSOS v/farskóla 2022	2.000.000
Fyrirlestrar/málstofur, farskóla 2022	210.780
Árshátíð FÍSOS 2022 / Tónlist	85.000
Árshátíð FÍSOS 2022 / Veislustjórn	445.000
Heimsókn Skriðuklaustur á farskóla 2022	56.000
Heimsókn Óbyggðasetur á farskóla 2022	159.840
Akstur v/ farskóli 2022	599.999
Ýmis kostnaður v/ farskóli 2022	26.654
Ráðstefna, veitingar, fundaraðstaða o.fl.	3.364.320

Rekstrarkostnaður alls: **6.977.593**

3 Handbært fé

Bankareikningur 301-26-074634	690.468
-------------------------------	---------

Handbært fé alls: **690.468**

SAFNABLAÐIÐ
KVISTUR

2022-23

Kt: 441089-2529

Ársreikningur

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun stjórnar.....	2
Áritun uppgjörsaðila	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur.....	5-6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Áritun stjórnar

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður og er hann í samræmi við lög um ársreikninga og lög um tekjuskatt og gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Samkvæmt rekstrarreikningi er tap í rekstri fyrir fjármagnsliði að fjárhæð 108.944 kr. Heildartap eftir fjármagnsliði er 114.762 kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé félagsins jákvætt um 2.238.950 kr.

Stjórn Safnablaðsins Kvistur staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir tímabilið 1.sept. 2022 - 31.ágúst 2023 með undirritun sinni.

Akranes, 12. október 2023

Skoðunarmenn

Áritun uppgjörsaðila

Ársreikning þennan fyrir Safnablaðið Kvistur höfum við samið eftir fylgiskjölum og upplýsingum stjórnar, án endurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sjóðstreymi fyrir tímabilið 1.sept. 2022 - 31.ágúst 2023 ásamt skýringum nr. 1-3.

Ársreikningurinn er lagður fram á ábyrgð stjórnenda félagsins.

Akranesi, 02. október 2023

Ritari ehf.

Ársreikningurinn er á 8 blaðsíðum.
Fjárhæðir eru í ísl.krónum

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS

	Skýr	Sept2022- Sept2023	Sept2021- Sept2022
REKSTRARTEKJUR:			
Rekstrartekjur	1	2.074.113	2.489.000
		2.074.113	2.489.000
REKSTRARGJÖLD:			
Rekstrarkostnaður	2	2.183.057	1.423.579
		2.183.057	1.423.579
Rekstrarhagnaður (-Tap):		-108.944	1.065.421
REKSTRARHAGNAÐUR (-TAP) ALLS:			
Fyrir afskriftir og fjármagnsliði	-	-108.944	1.065.421
FJÁRMAGNSLIÐIR:			
Vaxtatekjur	-	2.130	402
Bankakostnaður	-	-7.479	0
Fjármagnstekjuskattur	-	-469	-88
		-5.818	314
HAGNAÐUR (-TAP) TIL RÁÐSTÖFUNAR		-114.762	1.065.735

EFNAHAGSREIKNINGUR**EIGNIR**

	Skýr	Sept2022- Sept2023	Sept2021- Sept2022
VELTUFJÁRMUNIR			
Skammtímakröfur	-	0	0
Handbært fé	3	2.238.950	2.353.712
<i>Veltufjármunir samtals:</i>		<u>2.238.950</u>	<u>2.353.712</u>
EIGNIR SAMTALS:		<u><u>2.238.950</u></u>	<u><u>2.353.712</u></u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGIÐ FÉ OG SKULDIR

	Skýr	Sept2022- Sept2023	Sept2021- Sept2022
EIGIÐ FÉ:			
Óráðstafað eigið fé			
Yfirfært frá seinasta ári	-	2.353.712	1.287.977
Hagnaður (tap) ársins	-	-114.762	1.065.735
<i>Óráðstafað eigið fé 31.08.2023</i>		2.238.950	2.353.712
SKULDIR:			
Viðskiptaskuldir	-	0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals:</i>		0	0
		0	0
<i>Skuldir samtals:</i>		0	0
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS:		2.238.950	2.353.712

SJÓÐSTREYMI

HANDBÆRT FÉ TIL REKSTRAR:	Skýr	Sept2022- Sept2023	Sept2021- Sept2022
Hagnaður (-tap) ársins	-	-114.762	1.065.735
<i>Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:</i>	-		
Afskriftir	-	0	0
Verðbætur og gengismunur langtímalána	-	0	0
<i>Veltufé frá rekstri:</i>		<u>-114.762</u>	<u>1.065.735</u>
 <i>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur - (hækkun)	-	0	0
Skammtímaskuldir - (lækkun)	-	0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
<i>Handbært fé (til rekstrar):</i>		<u><u>-114.762</u></u>	<u><u>1.065.735</u></u>
 FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:			
Tekin lán		<u>0</u>	<u>0</u>
<i>Fjármögnunarhreyfingar samtals:</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
 Hækkun (lækkun) á handbæru fé		-114.762	0
Handbært fé í ársbyrjun		<u>2.353.712</u>	<u>2.353.712</u>
Handbært fé í árslok		<u>2.238.950</u>	<u>2.353.712</u>

SUNDURLIÐANIR**1 Tekjur**

Félagsgjöld FÍSOS v/Kvistur	210.000
Styrkur safnasjóðs v/Kvistur	1.000.000
Styrktarlína / auglýsingar v/Kvist	864.113

Rekstrartekjur alls: **2.074.113**

2 Gjöld

Hönnun / umbrot Kvist	542.500
Myndskreyting, forsíða Kvist	220.000
Verkefnastjórnun / ritstýring Kvist	400.000
Greinaskrif v/Kvist	30.000
Prentun / pökkun / merking	904.714
Póstkostnaður / umslög	85.843

Rekstrarkostnaður alls: **2.183.057**

3 Handbært fé

Bankareikningur 301-26-002430	2.238.950
-------------------------------	-----------

Handbært fé alls: **2.238.950**